

# Könnun

á kjörum sveitarstjórnarmanna,  
framkvæmdastjóra sveitarfélaga og  
greiðslum til nefndarmanna hjá  
Íslenskum sveitarfélögum 2010

Samband íslenskra sveitarfélaga

Hag- og upplýsingasvið

Júní 2010

# 1 Inngangur

Hér birtist fimmta skýrslan sem hag - og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir um kaup og kjör sveitarstjórnarmanna og þeirra sem starfa í nefndum á vegum sveitarfélaganna. Þessar kannanir hafa verið gerðar með tveggja ára millibili frá árinu 2002. Markmið þeirra er bæði að afla upplýsinga um kaup og kjör sveitarstjórnarmanna á Íslandi og byggja upp yfirlit um hvernig þau þróast með tímanum. Þessar upplýsingar eiga einnig að vera til aðstoðar fyrir sveitarstjórnir um ákvörðun á kjörum sveitarstjórnarmanna og þeirra einstaklinga sem starfa í nefndum á vegum sveitarfélaganna. Niðurstöður allra kannananna frá upphafi eru aðgengilegar á vef sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is)

Í mars 2010 var sent tölvubréf til allra sveitarfélaga á landinu með spurningalista þar sem óskað var eftir ákveðnum upplýsingum eftir því sem hentaði fyrir mismunandi gerðir sveitarfélaga. Það var síðan ítrekað tvisvar. Svör sveitarfélaganna voru að berast fram í miðjan maí. Sveitarfélögin eru flokkuð niður í 7 stærðarflokka sem hér segir:

**Tafla 1. Flokkun sveitarfélaga**

< 200 íbúar
200–499 íbúar
500–999 íbúar
1.000–1.999 íbúar
2.000–4.999 íbúar
5.000–15.000 íbúar
>15.000 íbúar

Bætt var við einum flokki frá fyrri könnun eða sveitarfélögum sem hafa fleiri íbúa en 15.000. Sveitarfélögum með færri íbúa en 200 hefur fækkað og því voru tveir minnstu flokkarnir sameinaðir í síðustu könnun. Nýjum spurningum var bætt inn í könnunina að þessu sinni. Þær fjalla m.a. um hvort starfandi sveitarstjórnarmenn njóti biðlaunaréttar við lok kjörtímabils, hvert sé áætlað vinnuframlag á mánuði hjá sveitarstjórnarmönnum við stjórn sveitarfélagsins og hvort hafi orðið breytingar á kjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið 2008. Einstaka spurningar voru felldar út frá fyrri könnun þar sem það þjónaði ekki tilgangi að leggja þær fram.

*Gunnlaugur Júlíusson*  
*sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs*

## 2 Helstu niðurstöður

### 2.1. Inngangur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr svörum sveitarfélaganna. Alls bárust svör frá 66 sveitarfélögum af 77 og svarhlutfallið var tæplega 85,7%. Þetta er mun hærra svarhlutfall en áður hefur náðst í samsvarandi könnunum.

Almennt er það viðtekið viðmið í úrtaksfræðum að svörun úr úrtaki verði að fara upp undir 80% til að teljast að fullu marktækt fyrir heildina. Í þessari könnun er ekki gert úrtak hjá sveitarfélagunum heldur eru öll sveitarfélög spurð. Þegar svörunin fer niður undir 50% er ekki hægt að draga marktækar ályktanir af niðurstöðunum heldur er í slíkum tilvikum fyrst og fremst um að ræða vísbendingar. Því hærra sem svarhlutfallið verður í hverjum flokki, því marktækari verða niðurstöðurnar fyrir öll sveitarfélög í flokknum. Skoða verður niðurstöður í hverjum flokki með hliðsjón af þessum fyrirvara.

Lægst var svarhlutfallið hjá sveitarfélögum í minnsta flokknum eða 71,4% en sveitarfélög í flokknum 2.000–4.999 íbúar og sveitarfélög sem eru fjölmennari en 15.000 svöruðu öll. Hjá öðrum flokkum var svarhlutfallið yfir 80%. Niðurstaðan er því mjög marktæk í heildina tekið og einnig fyrir einstaka flokka. Svörun sveitarfélaga skiptast milli stærðarflokka sem hér segir:

**Tafla 2. Svörun eftir stærðarflokkum**

<b>Stærðarflokkur</b>	<b>Svörun</b>	<b>Fjöldi í stærðarflokki</b>	<b>Svarhlutfall</b>
< 200 íbúar	10 svör	14 sveitarfélög	71,4 %
200–499 íbúar	11 svör	13 sveitarfélög	84,6 %
500–999 íbúar	15 svör	17 sveitarfélög	88,2 %
1000–1999 íbúar	9 svör	11 sveitarfélög	81,8 %
2000–4999 íbúar	13 svör	13 sveitarfélög	100,0 %
5000–14999 íbúar	4 svör	5 sveitarfélög	80,0 %
>15000 íbúar	4 svör	4 sveitarfélög	100,0 %
Samtals	66 svör	77 sveitarfélög	85,7%

Þegar niðurstöður úr þessari samantekt eru bornar saman við niðurstöður skýrslunnar frá árinu 2008 veða eftirfarandi atriði þar þyngst á metunum:

- Launagreiðslur til bæjarstjóra hafa breyst nokkuð frá fyrri könnun. Í sumum tilvikum hafa laun heldur lækkað frá fyrri könnun en í öðrum tilvikum hefur launamunur bæjarstjóra innan sama stærðarflokks heldur vaxið.
- Greiðslur til sveitarstjórnarmanna fyrir störf að sveitarstjórnarmálum hafa ekki breyst mikið frá árinu 2008.
- Víða hefur verið tekin formleg ákvörðun um að lækka launagreiðslur til sveitarstjórnarmanna. Það á þó frekar við um meðalstór og stærri sveitarfélög.
- Þeim sveitarfélögum fjölgar enn sem greiða sveitarstjórnarmönnum bæði ákveðnar fjárhæðir mánaðarlega og síðan ákveðna fjárhæð fyrir hver fund. Árið 2006 svara 18 sveitarfélög, eða 25% svarenda, því til að greitt sé bæði föst upphæð á mánuði og síðan ákveðin fjárhæð fyrir hvern fund. Árið 2008 höfðu 20 sveitarfélög þennan hátt á og nú eru þau orðin 22 eða 33% svarenda.
- Fastar mánaðarlegar greiðslur til sveitarstjórnarmanna vegna funda í sveitarstjórn hafa heldur hækkað frá árinu 2008 í öllum stærðarflokkum. Sama á við um greiðslur fyrir hvern fund.
- Þeim sveitarfélögum fjölgar enn þar sem nefndarformönnum eru greidd sérstök þóknun umfram aðra nefndarmenn. Árið 2006 svöruðu 56% svarenda því til að nefndarformaður fengi greidda 50% hærri upphæð en almennur nefndarmaður og 23% þátttakenda að hann fengi eitthvað hærri greiðslur. Árið 2008 er hlutfallsleg skipting þannig að rúm 3% greiða 100% hærri greiðslu til nefndarformanns, 54% greiða 50% hærri greiðslur til nefndarformanns og 32% svarenda greiða nefndarformanni aðeins hærri greiðslur en almennur nefndarmaður fær. Árið 2010 greiða 66% svarenda 50% hærri greiðslur til nefndarformanns en 19 eða 29% greiða eitthvað hærri greiðslur til nefndarformanns. Hjá fjórum sveitarfélögum er enginn greinarmunur gerður á þóknun til formanns og annarra nefndarmanna.
- Það viðhorf verður æ útbreiddara að það sé erfitt fyrir sveitarstjórnarmenn að ákveða launakjör sín sjálfir. Fáir svöruðu því til að ákvörðun um laun sé auðveld. Á undanförunum árum hafa fjölmennustu sveitarfélögin verið nokkuð einhuga um að sveitarstjórnir eigi að ákveða laun sveitarstjórnarmanna en það viðhorf virðist vera að breytast.
- Þar sem komu fram afgerandi skoðanir um að annar aðili en sveitarstjórn eigi að ákvarða laun sveitarstjórnarmanna þá var

Launanefnd sveitarfélaga oftast nefnd sem sá aðili sem eigi að fást við það verkefni.

- Nú var spurt um þann tíma sem sveitarstjórnarmenn leggja í að sinna sveitarstjórnarmálum. Erfitt er að draga fram ákveðnar niðurstöður úr svörum sveitarfélaganna. Þó liggur það fyrir að í stærri sveitarfélögunum krefst vinna að sveitarstjórnarmálum verulegs vinnuframlags. Hjá sveitarfélögum sem hafa yfir 5.000 íbúa virðist vera hægt að ganga út frá því að það fari um og yfir 20 klst. á mánuði í að sinna sveitarstjórnarmálum. Það minnkar svo eftir því sem sveitarfélögin verða fámennari.

## **2.2. Niðurstöður úr svörum frá einstökum stærðarflokkum sveitarfélaga**

### **2.2.1. Sveitarfélög með færri en 200 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu tíu sveitarfélög svörum af samtals 14 sveitarfélögum í flokknum eða 71,4%.

#### **Framkvæmdastjórn**

Í tveimur sveitarfélögum er sérstakur aðili í fullu starfi við framkvæmdastjórn sveitarfélagsins en hjá hinum annast oddviti sveitarstjórnar framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í hlutastarfi.

#### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Greiðslur til oddvita eru nokkuð mismunandi. Í einu sveitarfélagi eru þær lægri en 50 þúsund á mánuði, hjá tveimur á bilinu 50–99 þúsund kr. á mánuði, í þremur tilvikum eru greiðslur milli 100–199 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum eru greiðslur á bilinu 200–299 þúsund kr. á mánuði og í tveimur eru þær milli 300 til 399 þúsund kr. á mánuði.

#### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Í öllum sveitarfélögunum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn. Greiðsla fyrir hvern fund er í fimm tilvikum undir 10 þúsund kr. á fund og í fjórum tilvikum eru greiddar milli 10–19 þúsund kr. fyrir hvern fund og í einu sveitarfélagi er greiðslan á bilinu 20–39 þúsund kr.

#### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Spurt var um áætlað vinnuframlag sveitarstjórnarmanna í fyrsta sinn. Í einu tilviki er áætlað að oddviti sveitarstjórnar leggi fram vinnuframlag sem sé á bilinu 11–15 klst. á mánuði en í tveimur tilvikum yfir 20 klst. á mánuði.

Óbreyttir sveitarstjórnarmenn leggja hins vegar fram vinnuframlag sem svarar 1–5 klst. á mánuði í tveimur tilvikum og 6–10 klst. á mánuði í fjórum tilvikum.

### **Greiðslur til nefnda**

Í nær öllum tilvikum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum eða í níu sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi er ekkert greitt fyrir nefndarsetur. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í fimm tilvikum um 5–9 þúsund kr. og í tveimur tilvikum um 10–15 þúsund krónur á hvern fund. Í tveim tilvikum er ekkert greitt fyrir fundarsetur.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Í sex tilvikum er greiðsla til nefndarformanns 50% hærri en til annarra nefndarmanna, í einu sveitarfélagi er greiðslan eitthvað hærri og í tveimur er hún jafnhá og til annarra nefndarmanna.

### **Ákvörðun launakjara**

Alls svöruðu ellefu sveitarfélög þessari spurningu. Sex þeirra sögðu að það væri erfitt, tvö tóku ekki afstöðu og þrjú sögðu það vera auðvelt. Mun fleiri sveitarfélög segja það vera erfitt að ákveða launakjörin en í síðustu könnun.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Sex sveitarfélög svöruðu því til að utanaðkomandi aðili ætti að ákvarða launakjör. Tvö tóku ekki afstöðu og fjögur töldu að utanaðkomandi aðili ætti ekki að ákvarða launakjörin.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Finn sveitarfélög svöruðu þessari spurningu. Eitt þeirra nefndi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, eitt nefndi kjaradóm og þrjú nefndu launanefnd sveitarfélaga.

### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í sjö tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en í fimm tilvikum er ekki greitt fyrir þau. Í öllum tilvikum nema einu er ekki greitt vegna tapaðra launatekna vegna starfa að sveitarstjórnarmálum. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er allstaðar greiddur.

Sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur hvað þetta varðar í þremur tilvikum en engar reglur eru fyrir hendi hjá sjö þeirra.

## **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Hjá tveimur sveitarfélögum höfðu laun sveitarstjórnarmanna verið lækkuð eftir hrunið og var lækkunin um 10%. Hjá átta sveitarfélögum hafði engin breyting orðið á launum í kjölfar efnahagsáfallsins.

### **2.2.2. Sveitarfélög með 200–499 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu 11 sveitarfélög svörum af samtals 13 sveitarfélögum í þessum stærðarflokki. Það gerir um 84,6% allra sveitarfélaga í þessum flokki. Niðurstöður úr svörum eru eftirfarandi:

#### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum tilvikum er ráðinn sveitarstjóri hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

#### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Greiðslur til sveitarstjóra eru í einu tilviki milli 400–499 þúsund krónur, í sex tilvikum á bilinu 500–599 þúsund krónur, og í fjórum tilvikum á bilinu 600–799 þúsund krónur. Það virðist því vera meginregla að laun sveitarstjóra í þessum stærðarflokki sveitarfélaga sé á bilinu 500–599 þúsund króna. Aðrar greiðslur til sveitarstjóra eru í fjórum tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í fjórum tilvikum eru þau á milli 50–100 þúsund kr. og í þremur á bilinu 100–149 þús.kr. Í einu sveitarfélagi eru engar starfstengdar greiðslur inntar af hendi til sveitarstjóra utan föst laun.

#### **Biðlaunaréttur sveitarstjóra**

Flestir sveitarstjórnanna, eða átta þeirra, hafa biðlaunarétt í 3 mánuði. Einn hefur biðlaunarétt í sex mánuði og í einu tilviki er enginn biðlaunaréttur. Þriggja mánaða biðlaunaréttur er því meginreglan í þessum stærðarflokki.

#### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils**

Í engu tilviki hafa kjörnir fulltrúar biðlaunarétt við lok kjörtímabils.

#### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Í sjö tilvikum er sveitarstjórnarmönnum greidd föst upphæð á mánuði, í þremur tilvikum er greitt fyrir hvern fund og í tveimur tilvikum er bæði greidd föst fjárhæð á mánuði og fyrir hvern fund. Greiðslur fyrir fundarsetur eru frá því að vera undir 10 þúsund kr. (tvö sveitarfélög), og 10–19 þúsund kr. (fjögur sveitarfélög). Þar sem um mánaðarlega greiðslu er að ræða er greitt undir 25 þúsund kr. á mánuði hjá tveimur sveitarfélögum og á milli 25–49 þúsund kr. hjá sjö sveitarfélögum.

### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Í fimm sveitarfélögum er vinnuframlag oddvita áætlað yfir 20 klst. á mánuði, í einu tilvikum 16–20 klst. og í einu tilviki 6–10 klst. Vinnuframlag óbreyttra sveitarstjórnarmenn er áætlað 1–5 klst. í tveimur tilvikum, 6–10 klst. í þremur tilvikum, 11–15 klst. í tveimur tilvikum og 16–20 klst. í einu tilviki. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið mjög mismunandi í þessum stærðarflokki en vinnuframlag oddvita er yfirleitt um ½ starf í mánuði eða meir.

### **Greiðslur til nefnda**

Í tíu sveitarfélögum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna en í einu þeirra er greidd föst fjárhæð á mánuði fyrir nefndavinnu.

Greiðslur fyrir störf í nefndum á vegum sveitarfélagsins eru sem hér segir: Í tveimur tilvikum er greitt undir 5 þúsund kr. á hvern fund og í sjö tilvikum er greitt á bilinu 5–10 þúsund kr. Það er því hægt að segja að algengast sé að greiða á bilinu 5–10 þúsund kr. fyrir hvern nefndarfund í þessum stærðarflokki sveitarfélaga.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Í átta tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna og í þremur tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri en til annarra nefndarmanna.

### **Ákvörðun launakjara**

Alls svöruðu níu sveitarfélög þessari spurningu. Sjö þeirra sögðu að það væri erfitt að ákvarða launakjör sveitarstjórnar og tvö tóku ekki afstöðu. Það virðist því vera ríkjandi skoðun meðal sveitarfélaga af þessari stærð að það sé erfitt að ákvarða launakjör sveitarstjórnarmanna.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Sjö sveitarfélög svöruðu þessari spurningu játandi, eitt svaraði henni neitandi og tvö voru hlutlaus. Mikill meirihluti er á því að utanaðkomandi aðili ákvarði launakjör sveitarstjórnarmanna.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Fimm aðilar svöruðu þessari spurningu með Launanefnd sveitarfélaga, eitt með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, eitt nefndi Kjaradóm og eitt nefndi stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.



### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í sjö tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en í fjórum tilvikum er ekki greitt fyrir þau. Aldrei er greitt fyrir tapaðar launatekjur vegna starfa að sveitarstjórnarmálum. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í níu tilvikum en ekki í tveimur.

Sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur hvað þetta varðar í fjórum tilvikum en engar reglur eru fyrir hendi hjá sjö þeirra.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið.**

Í sjö sveitarfélögum höfðu föst laun sveitarstjórnarmanna ekki tekið breytingum eftir efnahagshrunið, í einu tilviki höfðu þau verið lækkuð um 5%, í einu tilviki um 15% og í einu tilviki um 20%.

## **2.2.4. Sveitarfélög með 500–999 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu 15 sveitarfélög svörum af þeim 17 sem eru í þessum stærðarflokki eða 88,2%. Niðurstöður í flokknum eru eftirfarandi:

### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum sveitarfélögum í þessum stærðarflokki sem sendu inn svör er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til sveitarfélagsins.

### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Greiðslur til sveitarstjóra eru í þremur tilvikum á bilinu 500–599 þúsund kr. og í 11 sveitarfélögum eru laun sveitarstjóra á bilinu 600–799 þúsund kr. Hlunnindi sveitarstjóra eru í einu tilviki undir 50 þúsund kr. á mánuði, í sjö tilvikum á bilinu 50–99 þúsund kr. og í þremur tilvikum á bilinu 100–149 þúsund kr.

Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru í þremur tilvikum undir 50 þúsund kr., í þremur tilvikum eru þær á bilinu 50–75 þúsund kr. og í tveimur tilvikum eru greiddar á bilinu 150–199 þúsund kr.

### **Biðlaunaréttur sveitarstjóra**

Biðlaunaréttur er enginn hjá tveimur sveitarfélögum, þrjú mánuðir í fjórum tilvikum, fjórir mánuðir í þremur tilvikum og sex mánuðir í sex tilvikum.

### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Í átta sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn en hjá 12 sveitarfélögum er greidd föst upphæð á mánuði. Hjá sjö

sveitarfélögum er því bæði greitt fyrir hvern fund og einnig föst upphæð á mánuði. Það er því ekki ráðandi nein meginregla um hvernig staðið er að greiðslum fyrir störf í sveitarstjórn. Greiðslur fyrir fundarsetur sveitarstjórnarmanna eru frá 10 þúsund kr. og minna (þrjú sveitarfélög) og 10–19 þúsund kr. (sex sveitarfélög). Þar sem um er að ræða mánaðarlegar greiðslur eru greiddar undir 20 þúsund kr. á mánuði í einu sveitarfélagi, 20–29 þúsund kr. hjá fimm, 30–49 þúsund kr. hjá sex sveitarfélögum og á bilinu 70–89 þúsund á mánuði hjá einu.

### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils**

Í engu tilviki hafa kjörnir fulltrúar biðlaunarétt við lok kjörtímabils.

### **Greiðslur vegna starfa í bæjarstjórn**

Í sjö sveitarfélögum er greidd föst fjárhæð á mánuði, í sex tilvikum er greitt fyrir hvern fund og í fimm tilvikum er bæði greidd föst fjárhæð á mánuði og fyrir hvern fund. Í einu sveitarfélagi er greitt undir 25 þúsund kr. á mánuði vegna starfa í bæjarstjórn en í 10 sveitarfélögum eru greiðslur á bilinu 25–49 þúsund kr. Þegar greitt er fyrir hvern fund þá er í einu tilviki greitt undir 10 þúsund kr., í fjórum tilvikum greitt 10–19 þúsund kr. og í einu tilviki er greiðsla á bilinu 20–29 þúsund kr.

### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Í fimm sveitarfélögum er vinnuframlag oddvita sveitarstjórnar áætlað yfir 20 klst. á mánuði, í einu tilviki 16–20 klst., í fjórum tilvikum 11–15 klst. og í tveimur tilvikum á bilinu 6–10 klst. á mánuði. Í tveimur sveitarfélögum leggur formaður bæjarráðs fram 11–15 klst. á mánuði og í tveimur á bilinu 16–20 klst. á mánuði. Vinnuframlag almennra sveitarstjórnarmenn er áætlað 1–5 klst. í tveimur tilvikum, 6–10 klst. í sjö tilvikum, 11–15 klst. í tveimur tilvikum og 16–20 klst. í tveimur tilviki. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið mjög mismunandi hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

### **Greiðslur til nefnda**

Hjá öllum sveitarfélögum nema einu er greitt fyrir hvern nefndarfund en hjá einu sveitarfélagi er greidd föst fjárhæð á mánuði. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í tveimur tilvikum allt að fimm þúsund kr. og í 10 tilvikum er upphæðin 8–10 þúsund krónur.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Í tíu tilvikum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna, í þremur tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri til formanns en til annarra nefndarmanna og í tveimur tilvikum er enginn greinarmunur gerður á greiðslum til nefndarformanns og annarra nefndarmanna.

### **Ákvörðun launakjara**

Alls töldu átta sveitarfélög að erfitt væri fyrir sveitarstjórn að ákveða sjálf launakjör sín, tvö tóku ekki afstöðu og þrjú töldu það vera auðvelt mál.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Sjö sveitarfélög svöruðu þessari spurningu játandi, fjögur sögðu nei og tvö tóku ekki afstöðu. Niðurstaðan er því frekar afgerandi.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Sex sveitarfélög nefndu Launanefnd sveitarfélaga, eitt nefndi Kjaradóm og eitt nefndi Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Launanefndin hefur því verulega yfirburði hvað varðar viðhorf sveitarfélaga um ákvörðun launa sveitarstjórnarmanna í þessum flokki.

### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í níu tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en í fimm tilvikum er ekki greitt fyrir þau. Í einu tilviki er greitt vegna tapaðra launatekna en í 11 sveitarfélögum er það ekki gert. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í öllum sveitarfélögum í þessum flokki.

Sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur hvað þetta varðar í sjö tilvikum en engar reglur eru fyrir hendi hjá níu sveitarfélögum.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Í sjö sveitarfélögum höfðu föst laun sveitarstjórnarmanna ekki tekið breytingum eftir efnahagshrunið en hjá átta þeirra höfðu laun þeirra verið lækkuð. Hjá tveimur sveitarfélögum höfðu laun lækkað um 5% en hjá fimm sveitarfélögum um 10%.

## **2.2.4. Sveitarfélög með 1.000–1.999 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu níu sveitarfélög svörum af þeim 11 sem eru í þessum stærðarflokki eða tæp 82% allra sveitarfélaga. Niðurstöður í flokknum eru þessar.

### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum tilvikum er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til sveitarfélagsins.

### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Laun framkvæmdarstjóra eru í tveimur sveitarfélögum á bilinu 600–799 þúsund kr. Í fimm sveitarfélögum eru bæjarstjóra greidd laun á bilinu 800–999 þúsund kr. í laun á mánuði og í tveimur tilvikum eru greiddar yfir 1000 þúsund kr. á mánuði. Hlunnindi bæjarstjóra eru í þremur tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, hjá einu á bilinu 50–99 þúsund kr. á mánuði, hjá þremur á bilinu 100–149 þúsund kr. á mánuði, hjá einu 150–199 þúsund kr. á mánuði og í einu tilviki á bilinu 200–299 þúsund kr. á mánuði.

Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru í tveimur tilvikum á bilinu 75–99 þúsund kr.

### **Biðlaunaréttur bæjarstjóra**

Biðlaunatími er enginn í einu tilviki, þrjú mánuðir í þremur tilvikum og sex mánuðir í fimm tilvikum. Sex mánaða biðlaunaréttur er því meginreglan í þessum stærðarflokki.

### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils.**

Í engu tilviki hafa kjörnir fulltrúar biðlaunarétt við lok kjörtímabils.

### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Í fjórum sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greitt fyrir hvern fund í sveitarstjórn en hjá þremur sveitarfélögum er greidd föst upphæð á mánuði. Þannig er það ekki óalgengt að greiðslur fyrir störf í bæjar- og sveitarstjórn sé blanda af greiðslum fyrir hvern fund og fastri greiðslu á mánuði en það er gert hjá fimm sveitarfélögum í þessum stærðarflokki. Þar sem um mánaðarlegar greiðslur er að ræða er í fjórum tilvikum greitt á bilinu 25–49 þúsund kr., í einu tilviki 50–74 þúsund kr. og í tveimur tilvikum er greiðslan 75–99 þúsund kr. Þar sem greitt er fyrir hvern fund í bæjarstjórn þá er greiðslan lægri en 10 þúsund kr. hjá tveimur sveitarfélögum, 10–19 þúsund kr. fyrir hvern fund hjá fjórum, og 20–29 þúsund kr. hjá einu sveitarfélagi.

### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Vinnuframlag forseta bæjarstjórnar er metið mjög mismunandi. Hjá einu sveitarfélagi er það metið 1–5 klst. á mánuði, hjá tveimur 11–15 klst., hjá þremur 16–20 klst. og hjá þremur þeirra er það metið yfir 20 klst. á mánuði. Formaður bæjarráðs leggur fram vinnu sem svarar 6–10 klst. á mánuði í einu sveitarfélagi, 11–15 klst. hjá tveimur, 16–20 klst. hjá einu og yfir 20 klst. á mánuði hjá þremur sveitarfélögum. Vinnuframlag almennra sveitarstjórnarmanna er áætlað 1–5 klst. í einu tilviki, 6–10 klst. í fimm tilvikum, 11–15 klst. í einu tilviki og yfir 20 klst. á mánuði í einu tilviki. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið mjög mismunandi hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

### **Greiðslur til nefnda**

Hjá öllum þeim sveitarfélögum sem sendu inn svör er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í fimm tilvikum 6–8 þúsund kr. og í einu í einu tilviki eru greiddar 15 þúsund kr. fyrir hvern fund.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Hjá fimm sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærrí en til annarra nefndarmanna og í fjórum tilvikum eru greiðslur eitthvað hærrí.

### **Ákvörðun launakjara**

Alls svöruðu níu sveitarfélög þessari spurningu. Sjö þeirra sögðu að það væri erfitt að ákvarða launakjör sveitarstjórnar, eitt tók ekki afstöðu og eitt kvað það vera auðvelt. Það virðist því vera ríkjandi skoðun meðal sveitarfélaga af þessari stærð að það sé erfitt að ákvarða launakjör sveitarstjórnarmanna.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Þessari spurningu svöruðu átta sveitarfélög játandi og eitt tók ekki afstöðu. Það viðhorf virðist því vera ríkjandi að annar aðili en sveitarstjórn eigi að ákvarða laun sveitarstjórnarmanna.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Sjö sveitarfélög nefndu Launanefnd sveitarfélaga og eitt nefndi stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í níu tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en í einu tilviki er það ekki gert. Í tveim tilvikum er greitt vegna tapaðra launatekna en í fimm sveitarfélögum er það ekki gert. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í sex sveitarfélögum í þessum flokki en ekki í tveimur.

Sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur hvað þetta varðar í fimm tilvikum en engar reglur eru fyrir hendi hjá fjórum sveitarfélögum.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Í fimm sveitarfélögum höfðu föst laun sveitarstjórnarmanna tekið breytingum eftir efnahagshrunið en ekki hjá tveimur þeirra. Hjá þremur sveitarfélögum höfðu laun lækkað um 5%, hjá einu um 7,5%, hjá tveimur um 10% og hjá einu um 15%.

### **2.2.5. Sveitarfélög með 2.000–4.999 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu öll sveitarfélög svörum. Svörunin var því 100%. Niðurstöður eru birtar hér að neðan:

#### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum tilvikum er ráðinn bæjarstjóri í þessum stærðarflokki sveitarfélaga.

#### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Launagreiðslur til bæjarstjóra eru í þremur tilvikum á bilinu 600–799 þúsund kr., í sjö tilvikum 800–999 þúsund kr., í einu tilviki 1.000–1.199 þúsund kr. og í einu tilviki yfir 1.200 þúsund kr. Hlunnindi bæjarstjóra eru í fjórum tilvikum undir 50 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum á bilinu 50–99 þúsund kr. á mánuði, í þremur tilvikum á milli 100 og 149 þúsund kr., og í fjórum tilvikum á bilinu 150–199 þúsund krónur á mánuði.

Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru mjög mismunandi í þessum stærðarflokki. Þær eru í einu tilviki lægri en 50 þúsund kr., í þremur tilvikum á bilinu 75–99 þúsund kr., hjá fjórum sveitarfélögum eru þær 100–149 þúsund kr., í einu tilviki 150–199 þúsund kr. og í tveimur tilvikum á bilinu 200–249 þúsund kr.

#### **Biðlaunaréttur bæjarstjóra**

Biðlaunaréttur bæjarstjóra í þessum stærðarflokki er í 12 tilvikum sex mánuðir og í einu tilviki er hann ekki til staðar.

#### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils**

Í engu tilviki hafa kjörnir fulltrúar biðlaunarétt við lok kjörtímabils.

#### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Hjá sex sveitarfélögum í þessum flokki er greidd föst upphæð mánaðarlega fyrir setu í bæjarstjórn, hjá einu er greitt fyrir hver fund og hjá átta er bæði greidd föst upphæð mánaðarlega og fyrir hvern fund. Mánaðarlegar greiðslur eru í fimm tilvikum 25–49 þúsund krónur á mánuði, í fjórum tilvikum á bilinu 50–74 þúsund kr. og í þremur tilvikum 75–99 þúsund krónur. Hjá fjórum sveitarfélögum eru greiddar 10–19 þúsund kr. fyrir hvern fund og hjá fimm sveitarfélögum eru greiddar 20–29 þúsund kr.

#### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Vinnuframlag forseta bæjarstjórnar er metið mjög mismunandi. Hjá einu sveitarfélagi er það metið 1–5 klst. á mánuði, hjá tveimur 11–15 klst. og hjá fjórum er það metið yfir 20 klst. á mánuði. Formaður bæjarráðs leggur fram vinnu sem svarar 11–15 klst. á mánuði í þremur sveitarfélögum, 16–20 klst. hjá

einu og yfir 20 klst. á mánuði hjá þremur sveitarfélögum. Vinnuframlag almennra sveitarstjórnarmanna er áætlað 1–5 klst. í einu tilviki, 6–10 klst. í tveimur tilvikum, 16–20 klst. í tveimur tilvikum og yfir 20 klst. á mánuði í einu tilviki. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið mjög mismunandi hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

### **Greiðslur til nefnda**

Hjá 11 sveitarfélögum sem svöruðu er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna og þrjú greiða fasta fjárhæð á mánuði. Eitt greiðir bæði fasta fjárhæð á mánuði og fyrir hvern fund. Hjá fjórum sveitarfélögum eru greiðslur fyrir fundarsetur eru frá 5–9 þúsund kr. á hvern fund og hjá sjö eru greiðslur 13–20 þúsund krónur. Í þeim sveitarfélögum sem greiða fasta upphæð mánaðarlega vegna nefndarstarfa er upphæðin á bilinu 5–16 þúsund krónur og 30 þúsund hjá einu.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Hjá einu sveitarfélagi eru greiðslur til nefndarformanns 100% hærri en til annarra nefndarmanna, í sjö sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri og í fimm tilvikum eru greiðslur eitthvað hærri til nefndarformanns en annarra nefndarmanna.

### **Ákvörðun launakjara**

Alls svöruðu 11 sveitarfélög þessari spurningu. Sex þeirra sögðu að það væri erfitt að ákvarða launakjör sveitarstjórnar, fjögur tóku ekki afstöðu og eitt sagði það vera auðvelt.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveði viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Þessari spurningu svöruðu sjö sveitarfélög játandi, þrjú sögðu nei og tvö tóku ekki afstöðu.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Fimm sveitarfélög nefndu Launanefnd sveitarfélaga, fjögur nefndu stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í átta tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en hjá fimm sveitarfélögum er það ekki gert. Í þrem tilvikum er greitt vegna tapaðra launatekna en hjá níu sveitarfélögum er það ekki gert. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í öllum tilvikum.

Níu sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur hvað þetta varðar en engar reglur eru fyrir hendi hjá fjórum sveitarfélögum.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Hjá níu sveitarfélögum höfðu föst laun sveitarstjórnarmanna tekið breytingum eftir efnahagshrunið en hjá fjórum hafði engin breyting orðið. Hjá einu höfðu laun lækkað um 6,7%, hjá sex um 10% og hjá einu um 25%. Eitt þerra tók fram að fundum hefði sérstaklega verið fækkað í sparnaðarskyni.

## **2.2.6. Sveitarfélög með 5.000 – 15.000 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu fjögur sveitarfélög svörum af þeim fimm sem eru í þessum stærðarflokk. Það gerir 80% svörun.

### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum sveitarfélögum í þessum stærðarflokki er ráðinn bæjarstjóri til sveitarfélagsins.

### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Launagreiðslur bæjarstjóra eru í einu tilviki á bilinu 800–999 þúsund kr., í einu tilviki eru launagreiðslur 1.000–1.199 þúsund krónur og hjá tveimur sveitarfélögum eru launagreiðslur hærrí en 1.200 þúsund kr. Hlunnindi bæjarstjóra eru í einu tilviki undir 50 þúsund kr. í einu tilviki á milli 50–99 þúsund kr. á mánuði, í einu tilviki milli 100–149 þúsund kr. og í einu tilviki á bilinu 200–299 þúsund kr.

Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru í einu tilviki á bilinu 75–99 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum á bilinu 150–199 þúsund kr. á mánuði og í einu tilviki á bilinu 200–249 þúsund kr. á mánuði.

### **Biðlaunaréttur bæjarstjóra**

Biðlaunaréttur er sex mánuðir í öllum tilvikum.

### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils**

Í engu tilviki hafa kjörnir fulltrúar biðlaunarétt við lok kjörtímabils.

### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Hjá þremur sveitarfélögum er sveitarstjórnarmönnum greidd föst upphæð á mánuði fyrir störf í sveitarstjórn og hjá einu er greitt fyrir hvern fund. Þar sem um mánaðarlegar greiðslur er að ræða eru greiddar á bilinu 50–74 þúsund kr. á mánuði hjá einu sveitarfélagi og á bilinu 100–149 þúsund kr. á mánuði hjá þremur sveitarfélögum. Greiðslur fyrir fundarsetur eru í milli 20–29 þúsund kr.



## **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Vinnuframlag forseta bæjarstjórnar er metið yfir 20 klst. á mánuði hjá tveimur sveitarfélögum og formaður bæjarráðs leggur fram vinnu sem er yfir 20 klst. á mánuði hjá tveimur sveitarfélögum. Vinnuframlag almennra sveitarstjórnarmanna er áætlað 16–20 klst. í einu tilviki og yfir 20 klst. á mánuði í einu tilviki. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið almennt mjög mikið hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

## **Greiðslur til nefnda**

Hjá þremur sveitarfélögum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna og í einu tilviki er greitt mánaðarlega til nefndarmanna. Í tveimur tilvikum er greitt bæði föst fjárhæð og fyrir hvern fund. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í einu tilviki um 10 þúsund kr., í þremur tilvikum á bilinu 10–15 þúsund krónur og í tveimur tilvikum á bilinu 15–25 þúsund kr. Í þeim sveitarfélögum sem greiða fasta upphæð mánaðarlega vegna nefndarstarfa er upphæðin annars vegar á bilinu 15–25 þúsund krónur á mánuði.

## **Greiðslur til nefndarformanns**

Hjá einu sveitarfélagi eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna, og hjá þremur þeirra eru greiðslur til nefndarformanns eitthvað hærri en til annarra nefndarmanna.

## **Ákvörðun launakjara**

Tvö sveitarfélög tóku ekki afstöðu, eitt sagði ákvarðanatöku um launakjör erfiða en eitt sagði það vera auðvelt.

## **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Eitt sveitarfélaganna svaraði spurningunni játandi, tvö þeirra höfnuðu því að utanaðkomandi aðili tæki ákvörðun um viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna, og eitt tók ekki afstöðu.

## **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Eitt nefndi Kjaradóm og eitt nefndi Launanefnd sveitarfélaga

## **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Mjög misjafnt er hvort sveitarstjórnarmenn fái greiðslur vegna þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og fyrir fundarsetu að ýmsu tagi. Í einu tilvika er greitt fyrir slík verkefni en hjá þrem sveitarfélögum er það ekki gert. Aldrei er greitt vegna tapaðra launatekna. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í tveim tilvikum en ekki hjá tveimur.

Öll sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur um vinnulag hvað þetta varðar.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Öll sveitarfélögum í þessum flokki höfðu lækkað föst laun sveitarstjórnarmanna tekið breytingum eftir efnahagshrunið. Hjá einu höfðu laun lækkað um 8%, hjá tveimur um 10% og hjá einu um 15%.

## **2.2.6. Sveitarfélög með yfir 15.000 íbúa**

Í þessum flokki skiluðu öll sveitarfélög svörum. Það gerir 100% svörun.

### **Framkvæmdastjórn**

Í öllum sveitarfélögum í þessum stærðarflokki er ráðinn bæjarstjóri til sveitarfélagsins.

### **Greiðslur fyrir framkvæmdastjórn**

Launagreiðslur bæjarstjóra eru í öllum tilvikum á bilinu 1.000–1.199 þúsund kr. Hlunnindi bæjarstjóra eru í einu tilviki undir 50 þúsund kr. í einu tilviki á milli 50–99 þúsund kr. á mánuði og í einu tilviki milli 150–199 þúsund kr.

Greiðslur til forseta bæjarstjórnar eru í einu tilviki á bilinu á bilinu 150–199 þúsund kr. á mánuði, í tveimur tilvikum 200–249 þúsund kr. og í einu tilviki yfir 250 þúsund kr.

### **Biðlaunaréttur bæjarstjóra**

Biðlaunaréttur er sex mánuðir í tveimur tilvikum og enginn í tveimur tilvikum.

### **Biðlaunaréttur kjörinna fulltrúa við lok kjörtímabils**

Í þremur tilvikum hafa kjörnir fulltrúar ekki biðlaunarétt við lok kjörtímabils en hafa slíkan rétt í einu tilviki.

### **Greiðslur til sveitarstjórnarmanna**

Hjá öllum sveitarfélögum í þessum flokki er sveitarstjórnarmönnum greidd föst upphæð á mánuði fyrir störf í sveitarstjórn. Mánaðarlegar greiðslur eru í þremur tilvikum á bilinu 100–149 þúsund kr. og í einu tilviki yfir 200 þúsund kr.

### **Vinnuframlag sveitarstjórnarmanna**

Vinnuframlag forseta bæjarstjórnar er í einu tilviki metið á bilinu 11–15 klst. á mánuði, í einu tilviki 16–20 klst. og í tveimur tilvikum yfir 20 klst. Formaður bæjarráðs leggur í öllum tilvikum fram vinnu sem er yfir 20 klst. á mánuði hjá. Vinnuframlag almennra sveitarstjórnarmanna er áætlað 16–20 klst. í tveimur

tilvikum og yfir 20 klst. á mánuði í tveimur tilvikum. Það er því ljóst að vinnuframlag sveitarstjórnarmanna er metið almennt mjög mikið hjá sveitarfélögum í þessum stærðarflokki.

### **Greiðslur til nefnda**

Hjá þremur sveitarfélögum er greitt fyrir hvern fund hjá nefndum sveitarfélaganna og í tveimur tilvikum er greitt bæði föst fjárhæð og fyrir hvern fund. Greiðslur fyrir hvern nefndarfund eru í tveimur tilvikum á bilinu 10–15 þúsund kr. Hjá þeim sveitarfélögum sem greiða fasta upphæð mánaðarlega vegna nefndarstarfa er upphæðin annars vegar á bilinu 30-80 þúsund krónur á mánuði.

### **Greiðslur til nefndarformanns**

Hjá tveimur sveitarfélögum eru greiðslur til nefndarformanns um 50% hærri en til annarra nefndarmanna, og hjá einu þeirra eru greiðslur til nefndarformanns jafnhár og til annarra nefndarmanna. Nefndir eru metnar misjafnlega eftir umfangi þeirra en ekki er farið nákvæmar út í það hér.

### **Ákvörðun launakjara**

Tvö sveitarfélög tóku ekki afstöðu en tvö sögðu ákvarðanatöku um launakjör erfiða.

### **Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveðið viðmiðun um launakjör sveitarstjórnarmanna?**

Tvö sveitarfélaganna svöruðu spurningunni játandi og eitt tók ekki afstöðu.

### **Hver á að ákveða launakjör ef sveitarstjórn gerir það ekki?**

Tvö nefndu Launanefnd sveitarféлага og eitt nefndi stjórn Sambands íslenskra sveitarféлага.

### **Greiðslur vegna ýmissa verkefna**

Í þremur tilvikum er greitt fyrir slík verkefni en ekki hjá einu. Aldrei er greitt vegna tapaðra launatekna. Ferðakostnaður vegna ferða á vegum sveitarfélagsins er greiddur í öllum tilvikum.

Þrjú sveitarfélög í þessum stærðarflokki hafa sett sér ákveðnar reglur um vinnulag hvað þetta varðar en eitt þeirra ekki.

### **Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið**

Öll sveitarfélögum í þessum flokki höfðu lækkað föst laun sveitarstjórnarmanna tekið breytingum eftir efnahagshrunið og var lækkunin í öllum tilvikum 10%.

### 3. Að lokum

Hér að framan hafa verið dregnar saman helstu niðurstöður úr könnun þeirri sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir meðal íslenskra sveitarfélaga í mars 2010. Eyðublað var sent út í tölvupósti til að einfalda framkvæmdina eftir því sem frekast er unnt. Tvö tölvubréf voru síðan send út til að minna sveitarfélögin á að svara eyðublaðinu. Eyðublöð eru yfirleitt send tilbaka með tölvupósti. Nafnleyndar er gætt þannig að reynt er að koma í veg fyrir að viðkvæmni um að veita upplýsingar undir nafni hamli að sveitarfélögin sendi frá sér umbeðnar upplýsingar.

Tilgangur könnunarinnar var að fá yfirlit um greiðslur til sveitarstjórnarmanna, framkvæmdastjóra og nefnda sveitarfélaga þannig að ná mætti fram meira samræmi í kjörum aðila heldur en verið hefur til þessa og kanna hvort einhverjar breytingar hafi orðið á fyrrgreindum greiðslum frá þeirri könnun sem gerð var meðal sveitarfélaganna í maí 2008.

Þeim sveitarfélögum sem svöruðu útsendum eyðublöðum eru þökkuð góð viðbrögð, því svör þeirra leggja grunn að þeim upplýsingum sem birtast hér í þessari skýrslu.

Svörun sveitarfélaganna var góð þegar á heildina er litið, svarhlutfallið var lægst rúm 70% sem telst mjög gott og í tveimur flokkum svöruðu öll sveitarfélögin. Að jafnaði var svörunin um 86% sem er mjög góð svörun. Það á að vera sveitarfélögunum gagnlegt að fá upplýsingar um á hvaða nótum greiðslur til sveitarstjórnarmanna og sveitar- og bæjarstjóra eru í áþekktum sveitarfélögum að stærð.

Enda þótt fram komi að nokkurt misræmi sé milli sveitarfélaga, hvað þær greiðslur varðar sem spurt var um í þessari könnun, þá kemur það í ljós að líkur eru á að munur á þessum greiðslum milli sveitarfélaga af áþekktum toga hafi minnkað verulega. Þá hefur þeim sveitarfélögum fækkað sem greiða ekki fyrir nefndarstörf. Af þeim 66 sveitarfélögum sem sendu inn svör eru það til dæmis einungis eitt sveitarfélag sem gefur það upp að ekki sé greitt fyrir nefndarstörf. Sama niðurstaða var á árinu 2008 samanborið við að ekki var greitt fyrir nefndarstörf hjá tveimur sveitarfélögum á árinu 2006 og hjá átta sveitarfélögum á árinu 2002.

Það virðist því augljóst að sveitarfélögunum er hagur að því að hafa aðgengilegar upplýsingar um hluti eins og hér um ræðir til að geta framkvæmt vissan samanburð og leiðrétt ákveðin mál ef ástæða þykir til. Þannig virðist vera gagnlegt að gera könnun sem þessa með reglulegu millibili til þess að sveitarfélögin hafi aðgang að samanteknum upplýsingum er þessi mál varðar.

Með skýrslunni fylgir eyðublaðið sem sent var út til sveitarfélaganna.

**Fylgiskjal 1. Eyðublað fyrir könnunina.**

**Söfnun upplýsinga um greiðslur sveitarfélaga til:**  
 \* sveitarstjórnarmanna  
 \* framkvæmdastjóra sveitarfélaga  
 \* nefndarmanna

**1. Íbúafjöldi í sveitarfélagi þann 1.12. 2009**

(krossið í viðeigandi reit)

< 200	200 - 499	500 - 999	1000 - 1999	2000 - 4999	5000 - 14999	> 15000
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Ef bæjar- / sveitarstjóri er ráðinn hjá sveitarfélaginu, þá svarið spurningum 2 - 5. Ef oddviti sveitarstjórnar sér um framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í hlutastarfi þá skal spurningum 2 - 5 sleppt og byrjað á að svara spurningu 6.

**2. Mánaðarlegar greiðslur til bæjar-/sveitarstjóra (þús.kr.)  
 (föst laun (föst dagvinna + yfirvinna) + fastar aukagreiðslur vegna funda)**

(krossið í viðeigandi reit)

< 399	400 - 499	500 - 599	600 - 799	800 - 999	1000 - 1199	> 1200
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**3. Hlunnindi bæjar-/sveitarstjóra á mánuði sem hluti af launakjörum (þús.kr)  
 Hlunnindi eru skilgreind sem greiðslur eða hlunnindi fyrir utan beinar launagreiðslur s.s. fastur bifreiðastyrkur, frír bíll, frír sími, risna og húsnæðiskostnaður**

(krossið í viðeigandi reit)

< 50	50 - 99	100 - 149	150 - 199	200 - 299	300-399	> 400
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**4. Mánaðarlegar launagreiðslur til forseta bæjarstjórnar / oddvita sveitarstjórnar ef bæjar - / sveitarstjóri er ráðinn til starfa (þús.kr)**

(krossið í viðeigandi reit)

< 50	50 - 74	75 - 99	100 - 149	150 - 199	200-249	> 250
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

5. **Biðlaunaréttur**

5a. **Hve langur er biðlaunatími bæjar- / sveitarstjóra við starfslok**

Biðlaunaréttur er  mánuðir

Frekari skýringar ef einhverjar eru:

---

5b. **Njóta kjörnir fulltrúar biðlaunaréttar við lok kjörtímabils?**

Já                      Nei  
                     

6. **Mánaðarlegar launagreiðslur til oddvita sveitarstjórnar ef oddviti annast framkvæmdastjórn sveitarfélags í hlutastarfi (þús.kr.)**

(krossið í viðeigandi reit)

< 50	50 - 99	100 - 199	200 - 299	300 - 399	400 - 499	> 500
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

7. **Greiðslur til bæjar- / sveitarstjórnarmanna fyrir störf í bæjar - / sveitarstjórn**

7.a. **Greiðslufyrirkomulag**

(krossið í viðeigandi reit)

- a) Greidd föst upphæð á mánuði
- b) Greitt fyrir hvern fund
- c) Greidd bæði föst upphæð og fyrir hvern fund
- c) Ekkert greitt

<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>

7. b) **Mánaðarleg greiðsla vegna starfa í bæjar- / stjórn (þús.kr.)**

(krossið í viðeigandi reit)

< 25	25 - 49	50 - 74	75 - 99	100 - 149	150-199	> 200
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

7. c) **Greiðsla fyrir hvern fund í bæjar- / sveitarstjórn (þús.kr.)**

(krossið í viðeigandi reit)

< 10	10 - 19	20 - 29	30 - 39	40 - 49	> 50
------	---------	---------	---------	---------	------

--	--	--	--	--	--

7. d) Hvert er áætlað vinnuframlag á mánuði vegna starfa að sveitarstjórnarmálum?

	1-5 klst	6-10 klst	11-15 klst	16-20 klst	Yfir 20 klst
Forseti bæjarstjórnar					
Formaður bæjarráðs					
Óbreyttur sveitarstj.maður					

## 8. Greiðslur fyrir störf í nefndum á vegum sveitarfélagsins

8.a. Greiðslufyrirkomulag (krossið í viðkomandi reit) Fjárhæð (þús.kr.)

a) Greidd föst upphæð á mánuði		
b) Greitt fyrir hvern fund		
c) Greidd bæði föst upphæð og fyrir hvern fund		
c) Ekkert greitt		

8.b. Greiðslur til nefndarformanns eru:

50% hærri en til almennra nefndarmanna	
Eitthvað hærri en til almennra nefndarmanna	
Jafnháar greiðslum til almennra nefndarmanna	

## 9. Almennt um ákvörðun launa sveitarstjórnarmanna

9.a. Hvaða álit hefur sveitarstjórn á því að ákveða sjálf launakjör sín? Er það:

Erfitt	Skiptir ekki máli	Auðvelt

9.b. Er æskilegt að utanaðkomandi aðili ákveði launakjör eða leggi fram viðmið um laun sveitarstjórnarmanna?

Já	Nei	Veit ekki

9.c. Ef svar er við 9.b. já, hver ætti þá að ákveða kjör sveitarstjórnarmanna?

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	
Kjaradómur	
Launanefnd sveitarfélaga	

Stjórn Samb. íslenskra sveitarfélaga

**10.a. Fá sveitarstjórnarmenn greiðslur frá sveitarfélaginu vegna eftirtalinna atriða:**

1. Þátttöku í námskeiðum, ráðstefnum og öðrum fundum en nefndafundum?
2. Tapaðra launatekna vegna starfa að sveitarstjórnarmálum?
3. Ferðakostnaðar vegna funda og annarra viðburða á vegum sveitarfélagsins?

Já Nei


**10.b. Hefur sveitarfélagið sett sér ákveðnar reglur er varða þau atriði sem koma fram í sp. 10.**

Já Nei

--	--

**11. Breytingar á launakjörum sveitarstjórnarmanna eftir efnahagshrunið 2008?**

1. Hafa föst laun sveitarstjórnarmanna verið lækkuð eftir efnahagshrunið 2008?

Já

Nei

--	--

2. Ef svarið er já, þá um hvaða hlutfall?